

IV. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald skal miða við flutningsgetu heimtauganna samkvæmt töflunni, sem hér fer á eftir. Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 15 metrum eða loftlínu fram úr 30 metrum, skal húseigandi greiða yfirlengdargjald eins og taflan sýnir. Þetta gildir eingöngu fyrir byggingar utan skipulagðra byggingasvæða.

Liður	Málstraumur Amp.	Jarðstrengur		Loftlína	
		lágmark kr.	yfirlengd kr. á m.	lágmark kr.	yfirlengd kr. á stólpa
1.	25 1-fasa			1200.00	1600.00
2.	60 3-fasa			2400.00	2800.00
3.	60 3-fasa	3800.00	220.00		
4.	100 3-fasa	4900.00	250.00		
5.	200 3-fasa	9900.00	410.00		
6.	350 3-fasa	17400.00	560.00		

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, styztu greiðfæra leið til varkassa. Lengd loftlínuheimtaugar reiknast frá næsta stólpa í notendalínu við götu, styztu greiðfæra leið að varkassa.

V. ÝMIS ÁKVÆÐI

Söluskattur, samkv. lögum nr. 10/1960 um söluskatt, er talinn með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í gjaldskrá þessari.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að ganga í gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Akureyrar, nr. 77 4. maí 1955.

Atvinnumálaráðuneytið, 21. febrúar 1962.

Gunnar Thoroddsen.

Þorv. K. Þorsteinsson.

26. febrúar.

Nr. 16.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Jófríðar Andrésdóttur og Guðbjargar Gísladóttur, Gerði, Hvammssveit, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 26. febr. 1962.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jófríðar Andrésdóttur og Guðbjargar Gísladóttur,
Gerði, Hvammssveit.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 29. janúar 1962 af Einari Eyjólfssyni, bónda í Gerði, til minningar um fyrri konu hans, Jófríði Andrésdóttur, og móður hans, Guðbjörgu Gísladóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er eign Barnaskólans að Laugum. Stofnfé sjóðsins er 10000.00 — tíu þúsund krónur —.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla áhuga og virðingu fyrir verklegu námi. Heimilt er að verja allt að helmingi ársvaxta hvers s. l. árs til verðlauna fyrir þau fullnaðar-prófsbörn, er á hverjum tíma skara fram úr í verklegu námi við barnaskólann að Laugum.

Einnig skal heimilt, þegar nægilegt fé er fyrir hendi og sérstök ástæða þykir til, að veita efnilegum nemendum styrk til framhaldsnáms í verklegum greinum, enda nemi sú fjárhæð eigi meira en helmingi ársvaxta hverju sinni.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skulu þessir menn skípa: Skólastjóri og handavinnukennarar við barnaskólann að Laugum, ásamt gefanda sjóðsins meðan hans nýtur við — annars prófdómara skólans í verklegu námi.

5. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxtast á hæstu vöxtum hverju sinni í tryggri lánsstofnun. Eitt eintak af skipulagsskrá þessari skal jafnan geymt í eldryggi geymslu.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún síðan birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Gerði, 29. jan. 1962.

Einar Eyjólfsson. Hólmfríður Andrésdóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 112/1955, um iðnskóla.

1. gr.

Við 3. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Iðnskólum með 300 nemendur eða fleiri má, að fengnu samþykki ráðherra, skipta í deildir eftir iðngreinum, enda séu eigi færri en 150 nemendur í deild, en sameina má í deild fleiri en eina iðngrein.

2. gr.

Á eftir 2. mgr. 34. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Í skólum, þar sem komið hefur verið á deildaskiptingu, sbr. 3. gr., getur ráðherra skipað einn yfirkennara fyrir hverja deild.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 45/1955 og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 6. marz 1962.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.